

- 7.4. Uppdráttur bæjarverkfræðings Kópavogs í mælikvarða 1:10000 af mörkum í Elliðavatni og um Þingnes, dagsettur 3. maí 1994.
- 7.5 Uppdráttur bæjarverkfræðings Kópavogs í mælikvarða 1:5000 af Þingnesi og Þingneshólum, dagsettur 31. ágúst 1994.
- 7.6 Uppdráttur bæjarverkfræðings Kópavogs í mælikvarða 1:25000, er sýnir mörk af Sandfelli um Heiðmerkurgirðingu og niður að Hólmalæk og landspildur í makaskiptum, dagsettur 20. október 1994.

8. gr.

Samningur þessi var samþykktur af borgarráði Reykjavíkur 15. nóvember 1994 og staðfestur í borgarstjórn 17. nóvember 1994. Samþykktur af bæjarráði Kópavogs 10. nóvember 1994 og í bæjarstjórn Kópavogs 22. nóvember 1994.

9. gr.

Lögsögumarkabreyting samkvæmt 1. og 2. gr. samningsins skal staðfest af félagsmálaráðherra samkvæmt 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

10. gr.

Af samningi þessum eru gerð fimm samhljóða frumrit, eitt til þinglýsingar í Reykjavík, annað til þinglýsingar í Kópavogi, eitt handa hvorum samningsaðila og eitt til afhendingar í félagsmálaráðuneytinu.

Reykjavík, 28. nóvember 1994.

F.h. Reykjavíkurborgar,  
borgarstjórinn í Reykjavík  
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

F.h. Kópavogskaupstaðar,  
bæjarstjórinn í Kópavogi  
Sigurður Geirdal“

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. janúar 1995.*

**Rannveig Guðmundsdóttir.**

*Sesselja Árnadóttir.*

Nr. 17

3. janúar 1995

## SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Siglufjarðarkaupstaðar  
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 99/1988.**

1. gr.

1. mgr. 49. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Í þeim tilfellum sem framboðslisti á einn aðalfulltrúa í bæjarstjórn

**Endurprentað blað.**

er heimilt að kjósa varamann hans sem varafulltrúa hans í bæjarráði, en annars skulu varamenn jafnan vera úr hópi aðalbæjarfulltrúa.

## 2. gr.

62. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

**A. Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórnir við alþingiskosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Vinnumiðlun*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara af bæjarstjórn skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun og skulu það vera aðal- og varamenn í bæjarráði á hverjum tíma. Nefndin er auk þess skipuð tveimur mönnum tilnefndum annars vegar af félögum launþega og hins vegar af félagi atvinnurekenda.

**B. Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Félagsmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefndin fer með stjórn félagsþjónustu bæjarins skv. lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, málefni aldraðra sbr. lög nr. 82/1989, jafnréttismál sbr. lög nr. 28/1991, barnaverndarmál sbr. lög nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna, áfengisvarnir sbr. lög nr. 82/1969 og íþrótt- og tómsundamál barna og unglinga.
2. *Skóla- og menningarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni grunnskóla sbr. lög nr. 49/1991, leikskóla sbr. lög nr. 78/1994, málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga nr. 75/1985, málefni safna í eigu bæjarins sbr. m.a. lög um almenningsbókasöfn nr. 50/1976 um menningarmál. Þegar nefndin fjallar um málefni grunnskóla eiga fulltrúar kennara, foreldra og skólustjóri rétt til setu á fundum hennar sbr. 19. gr. laga nr. 49/1991.
3. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara af bæjarstjórn og tveir aðalmenn og tveir varamenn tilnefndir af stærstu launþegasamböndum í bænum. Nefndin starfar skv. lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
4. *Tækni- og umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um byggingar- og skipulagsmál sbr. lög nr. 54/1978 og 19/1964, umhverfismál, náttúruvernd sbr. 13. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971, gróðurvernd sbr. 19. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, vatnsveitu sbr. lög nr. 81/1991, búfjárhald sbr. lög nr. 46/1991 og gerir nefndin tillögu um einn búfjárefirtirlitsmann og annan til vara, umferðarmál sbr. heimild í 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ferlimál. Auk þess er nefndin bæjarráði til ráðgjafar um viðhald á eignum og mannvirkjum bæjarins.
5. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 23/1994.
6. *Heilbrigðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara af bæjarstjórn og skulu þeir kjörmir úr hópi fulltrúa í Tækni- og umhverfisnefnd. Auk þess tilnefnir Fljótahreppur tvo aðalmenn og tvo varamenn í nefndina. Nefndin starfar skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
7. *Stjórn Sjúkrahúss og heilsugæslu*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. og 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

8. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir.
9. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
10. *Fulltrúar í stjórn Sparisjóðs Siglufjarðar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. 36. gr. laga nr. 43/1993.
11. *Fulltrúa í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur sett samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1995.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

Sesselja Árnadóttir.

## SAMÞYKKT

### um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps.

#### I. KAFLI

#### Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

Hreppsnefnd Skaftárhrepps er skipuð 7 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

##### 2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

##### 3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Skaftárhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

##### 4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.

##### 5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

**Endurprentað blað.**